

Ed.

183. Frumvarp til laga

[139. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna er gerð þessi breyting:

85.15.33 orðist svo:

33 Talstöðvar til skipa og neyðartalstöðva af þeirri gerð, sem notaðar eru í gúmmibjörgunarbatum, viðurkenndar sem slíkar af Skipaskoðun ríkisins 4%

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um tollskrá, nr. 1 frá 11. febr. 1970, er í því fólgin, að framan við liðinn 85.15.33, í 85. kafla laganna, koma orðin: Talstöðvar til skipa.

Svo sem kunnugt er, er fyrir hendi heimild í lögum til þess að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, vélahlutum, efnisvörum og fleiru til fiskiskipa, ef verðmæti þess, sem um ræðir, er að upphæð 100 000 kr. eða meira. Undir þennan lið féllu m. a. talstöðvar til fiskiskipa.

Nú er það svo, að með aukinni tækni hefur tekist að framleiða talstöðvar fyrir minni fiskibáta og svokallaðar trillur fyrir upphæð, sem nemur nokkru undir 100 þús. kr. Með hliðsjón af því og einnig með tilliti til þess öryggis, sem í því er fólgið að hafa talstöðvar í öllum fiskibátum, jafnt stórum sem smáum, er brýn nauðsyn, að sjómönnum verði auðveldað að afla sér umræddra öryggistækja.